



Nr.: GAT-115	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 1 af 2	<b>Áfangalýsing FRAN2BB05</b>	

<b>Búið til – útg.</b>	22. sept 2016
<b>Námsgrein</b>	Franska
<b>Titill</b>	Franska 5 fyrir sjálfstæðan notanda - a
<b>Skammstöfun</b>	FRAN2BB05
<b>Viðfangsefni</b>	Evrópski tungumálaramminn, framhald, stig b1
<b>Staða áfanga</b>	Sampykkt af skóla
<b>Prep áfanga</b>	2
<b>Einingafjöldi áfanga</b>	5
<b>Lýsing áfanga</b>	Byggt er markvisst á þeirri kunnáttu sem nemendur hafa nú þegar tileinkað sér ritun í samræmi við þrep A2 í evrópska tungumálarammanum. Meginmarkmið er að auka og bæta orðaforða og tjáningarhæfni í frönsku og efla sjálfstæð vinnubrögð nemenda í náminu. Lögð er áhersla á að nemendur lesi margvíslegt efni sér til gagns og ánægju og þjálfist í að hlusta á talað mál. Rifjuð er upp og þjálfuð málfræði þar sem þurfa þykir. Nemendur geri sér ljósa eigin ábyrgð í málanámi og átti sig á mikilvægi eigin frumkvæðis og vinnu.
<b>Forkröfur áfanga</b>	FRAN2BA05
<b>Þekkingarviðmið</b>	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none"> <li>• orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta markmiðum áfangans</li> <li>• grundvallarþáttum franska málkerfisins</li> <li>• menningu, samskiptavenjum og siðum frönskumælandi þjóða.</li> <li>• mismun sem er á töluðu og rituðu máli og mismunandi notkun tungumálsins í ólíkum samskiptum</li> </ul>
<b>Leikniviðmið</b>	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none"> <li>• greina talað mál um fjölbreytt efni og geta fylgt fyrirmælum og greint aðalatriði frá aukaatriðum</li> <li>• lesa og greina margskonar gerðir texta og vinna úr þeim á fjölbreyttan hátt.</li> <li>• afla sér ýmiskonar upplýsinga og taka þátt í samræðum og tjá sig um ólík umræðuefni.</li> <li>• tjá sig um atburði með því að beita nútíð, framtíð og liðinni tíð og halda kynningu á undirbúnu efni</li> </ul>

Nr.: GAT-115	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 2 af 2	<b>Áfangalýsing FRAN2BB05</b>	

	<p>með því að beita orðaforða, setningagerð og framburði á sem réttastan hátt.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifa samfelldan texta um ýmiskonar efni og tjá eigin skoðanir og fyrirætlanir.</li> </ul>
<b>Hæfniviðmið</b>	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• fjalla munnlega og skriflega um efni sem hann hefur kynnt sér og tjá eigin skoðanir, persónulega reynslu og framtíðaráform</li> <li>• leggja grunn að og tileinka sér aðalatriðin í samtölum, kvikmyndum og fjölbreyttu efni í fjölmiðlum</li> <li>• tileinka sér efni mismunandi textagerða og aðalatriði í lengri og flóknari textum og geta dregið ályktanir og rökstutt mál sitt</li> </ul>
<b>Námsmat</b>	<p>Fjölbreytt námsmat endurspeglar markmið áfangans í öllum færniþáttum í samræmi við evrópsku tungumálamöppuna (ETM). Lokaeinkunn byggir á kennara-, sjálfs- og jafningjamati á virkni og verkefnaskilum nemenda, þar sem færniþættirnir lesskilningur, hlustun, tal og ritun, auk málfræði eru metnir.</p>